



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.) – ATRN25060309
Ráðuneyti	Atvinnuvegaráðuneytið.
Stig mats	☐ Frummat, sbr. 1. gr. ☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	29.1.2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Með frumvarpinu eru innleiddar tvær Evróputilskipanir sem báðar gera breytingu á ársreikningatilskipun ESB og okkur ber að innleiða í íslenskan rétt. Breytingarnar í frumvarpinu eru fjórþættar.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á stærðarmörkum í lögnum. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 um breytingar á ársreikningatilskipun ESB varðandi stærðarmörk félaga. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru þau sömu innan EES og er með frumvarpinu verið að hækka þau um 25% til samræmis við breytingar innan ESB. Undantekningin er hækkun á örfélögum en hækkunin á þeim mörkum er töluvert hærri þar sem fyrri mörk voru töluvert lægri en hæstu leyfileg mörk ESB skv. ársreikningatilskipuninni.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lögð til hækkun um 25% á endurskoðunarmörkunum í lögnum.

Í þriðja lagi er um að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) nr. 2021/2101 er varðar skylduna um að útbúa skýrslu með upplýsingum um tekjuskatt og birta opinberlega fyrir tiltekna stórar fjölþjóðlegar samstæður og útibú þeirra.

Í fjórða lagi er um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi fyrir á árinu en minni félög og lengja skilafrestinn fyrir örfélög.

Ekki er gert ráð fyrir að lagasetningin hafi í för með sér kostnað eða fjárhagsáhrif á ríkissjóð. Samráð var haft við ársreikningaskrá við gerð frumvarpsins og ekki var talið að ákvæði frumvarpsins myndu leiða til aukins kostnaðar fyrir stofnunina.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum

Þær forsendur sem áætlunin byggir á eru þær kröfur sem gerðar eru í tilskipun (ESB) 2023/2775 og 2021/2101. Í tilskipun 2021/2101 er kveðið á um skyldu aðildarríkjanna til

að setja reglur um skyldu stórra fjölþjóðlegra heildarsamstæðna að semja og birta með ársreikningi til ársreikningaskrár til opinberrar birtingar skýrslu um tekjuskattsupplýsingar. Ekki er talið að framangreint hafi í för með sér aukin kostnað fyrir félög hér á landi þar sem félög þurfa nú þegar að skila inn sambærilegum tekjuskattsupplýsingum til ríkisskattstjóra skv. 91. gr. a. tekjuskattslaga nr. 90/2003.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.

Ekki er gert ráð fyrir aukinn kostnað á ríkissjóð með breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?

Ekki er talið að ákvæði frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkið. Með hækkun stærðarmarkna fyrir félög og hækkun endurskoðunarmarkna má leiða líkur að því að það geti dregið úr kostnaði fyrir þau félög sem ekki falla undir endurskoðunarmörk ársreikninga.

d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldabætur

Á ekki við.

e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu

Ekki ert gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna lagasetningarinnar.

2. Tekjubreytingar

Ekki er gert ráð fyrir að lagasetning hafi í för með sér tekjur fyrir ríkissjóð.

3. Útgjaldabreytingar

Ekki er gert ráð fyrir að lagasetningin hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

4. Eignabreytingar

Verði frumvarpið að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á eignir ríkissjóðs.

5. Aðrir áhrifapættir varðandi ríkisfjármál

Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

a) í gildandi fjárlögum

Nei.

b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

Nei það er ekki gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna innleiðingar á þeim gerðum sem frumvarpið tekur til.

c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Nei það er ekki gert ráð fyrir sérstöku framlagi vegna innleiðingar á þeim gerðum sem frumvarpið tekur til.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna lagasetningarinnar.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**

Efni frumvarpsins snýr ekki að einstökum mörkuðum heldur atvinnulífinu/samfélaginu innan EES í heild.

2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“

Frumvarpið getur haft í för með sér ákveðnar breytingar fyrir félög sem eru nálægt núverandi stærðarmörkum milli stærðarflokka en ekki er talið að um sé að ræða mikinn kostnaðarauka fyrir þau, þar sem mörkin eru að hækka og þá eru líkur á að þau færist í lægri stærðarflokk eftir breytinguna. Með hækkun stærðarmarkanna fyrir félög og hækkun endurskoðunarmarkanna má leiða líkur að því að það geti dregið úr kostnaði fyrir þau félög sem ekki falla undir endurskoðunarmörk ársreikninga. Ársreikningaskrá fer með eftirlit með skilum ársreikninga og hafði ráðuneytið samráð við ársreikningaskrá við samningu þessa frumvarps. Auk þess er frumvarpið í samræmi áherslur úr stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, um einföldun regluverks og skilvirkt rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Með frumvarpinu er reynt að tryggja að flokkun félaga samkvæmt ársreikningalögum endurspegli raunverulegt efnahagslegt umfang þeirra og lögð er til rýmkun á stærðarmörkum þeirra félaga sem geta nýtt sér einföld rafræn skil, með því að vera skilgreind sem örfélög. Stór hluti íslenskra fyrirtækja fellur þar undir. Verði frumvarpið að lögum munu fleiri minni rekstraraðilar hér á landi falla undir skilgreiningu laganna um örfélög og njóta þeirrar stöðu sem því fylgir, til samræmis við þróun síðustu ára inni EES. Með frumvarpinu er þannig verið að koma á móts við ábendingar frá atvinnulífinu um að dreifa álagi skila ársreikninga yfir lengri tíma, létta álögur á minnstu félögin en fá upplýsingar fyrr fyrir stærri félög, sem er liður í aukinni skilvirkni og gagnsæi fyrir markaðinn.

Með frumvarpinu verða gerðar breytingar á lögum um ársreikninga.

3. **Samkeppnisskilyrði**

Með breytingunum er stefnt að því að gera félög hér á landi samkeppnishæfari með hækkun á stærðarmörkum auk þess að innleiddar séu hér á landi Evróputilskipanir sem gerir lagaumhverfi fyrirtækja hér á landi sambærilegt og er í Evrópu.

- a) **Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)**

Ekki eru taldar líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Ekki eru taldar líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)

Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Ekki er talið að frumvarpið muni hafa áhrif á jafnrétti kynjanna.

7. Áhrif á lýðheilsu

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Á ekki við.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Ekki er gert ráð fyrir aukinn kostnað á ríkissjóð með breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Á ekki við

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Með frumvarpinu er reynt að tryggja að flokkun félaga samkvæmt ársreikningalögum endurspegli raunverulegt efnahagslegt umfang þeirra og lögð er til rýmkun á stærðarmörkum þeirra félaga sem geta nýtt sér einföld rafræn skil, með því að vera skilgreind sem örfélög. Stór hluti íslenskra fyrirtækja fellur þar undir. Verði frumvarpið að lögum munu fleiri minni rekstraraðilar hér á landi falla undir skilgreiningu laganna um örfélög og njóta þeirrar stöðu sem því fylgir. Með frumvarpinu er þannig verið að koma á mótis við ábendingar frá atvinnulífinu um að dreifa álagi skila ársreikninga yfir lengri tíma, létta álögur á minnstu félögin en fá upplýsingar fyrir stærri félög, sem er liður í aukinni skilvirkni og gagnsæi fyrir markaðinn. Aukið gagnsæi leiðir til meira trausts á markaðinum. |

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Já

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Já

- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**